

AFRIT

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skipulagsstjóri ríkisins
Laugaveg 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.9.1994
Tilv.: 30-4 HS

Skipulagsstjóri ríkisins hefur í bréfi til ráðuneytisins, dags. 25.7.1994, með vísun til 4. mgr. 2. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 leitað úrskurðar ráðherra um hvort fella skuli úr gildi ákvardanir byggingarnefndar og bæjarstjórnar Ísafjarðar frá 18. og 21. júlí 1994 um að veita byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum á 4 lóðum í Tunguskógi.

Skipulagsstjóri telur framangreindar ákvardanir brjóta í bága við bær takmarkanir sem staðfest snjóflóðamat frá 1992 og snjóflóðið sem fíll á sumarbústaðasvæðið í Tunguskógi 5. apríl 1994 hafi á aðalskipulag Ísafjarðar, sem geri ráð fyrir sumarbústaðabyggð á þessu svæði.

Ennfremur telur hann óheimilt samkvæmt 3.1.8. í byggingarreglugerð nr. 177/1992 og ákvæðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, að veita byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum í Tunguskógi á meðan ekki liggi fyrir hvaða öryggisráðstafanir verði gerðar.

Ráðuneytið sendi framangreinda úrskurðarbeiðni skipulagsstjóra til skipulagsstjórnar ríkisins, bæjarstjórnar og byggingarnefndar Ísafjarðar með bréfum dagsettum 29.7.1994. Umsögn skipulagsstjórnar barst ráðuneytinu í bréfi skipulagsstjóra dags. 10.8. sl. og umsögn bæjarstjórnar í bréfi bæjarstjóra dags. 16. sama mánaðar.

Umsögn skipulagsstjórnar er svohljóðandi:

"Það er álit skipulagsstjórnar að veiting byggingarleyfa fyrir sumarbústöðum á svæðinu brjóti í bága við þær takmarkanir sem staðfest snjóflóðahættumat frá 1992 og snjóflóðið 5. apríl 1994 hafa á samþykkt skipulag. Með vísun til gr. 3.1.8. í byggingarreglugerð telur skipulagsstjórn að á meðan ekki liggi fyrir hvaða öryggisráðstafanir

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

verðar sé óheimilt að veita byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum í Tunguskógi."

Í umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðar segir m.a. að byggð í Tungudal sé samkvæmt "deiliskipulagi" frá 1960, sem ekki hafi verið gerðar athugasemdir við, og samkvæmt staðfestu aðalskipulagi fyrir Ísafjörð til 2009. Bæjarstjórn telji því ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 19/1964 ekki eiga við í þessu sambandi þ.e. að ekki sé verið að brjóta gegn samþykktu eða fyrirhuguðu skipulagi.

Bæjarstjórn telur og álitamál með vísan til 3.4.6. í byggingarreglugerð þar sem segi að byggingarframkvæmdir teljist hafnar þegar undirstöður hafa verið steyptar og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, að þurft hafi að sækja um byggingarleyfi fyrir endurbyggingu sumarhúsa í Tungudal þar sem undirstöður þeirra bústaða, sem skemmdust í snjóflóðinu, eru enn fyrir hendi.

Í umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðar kemur fram að þrátt fyrir þær hörmungar sem Ísfirðingar urðu fyrir af snjóflóðinu þann 5. apríl sl. hvarfli ekki að þeim að leggja árar í bát, frekar en íbúum fjölmargra annarra byggðarlagra á Íslandi, sem orðið hafa fyrir þungum áföllum af völdum náttúrunnar á liðnum árum. Þessi ásetningur hafi komið best í ljós á fundi sem sumarbústaðaeigendur í Tungudal áttu með fulltrúum frá Viðlagatryggingu Íslands nokkrum dögum eftir hamfarirnar. Á þessum fundi hafi fulltrúi Viðlagatryggingar fullyrt að sumarbústaðirnir myndu eftir endurbyggingu verða tryggðir áfram.

Í umsögn byggingarnefndar kemur og fram að ekki þurfi þó að taka fram að náttúruhamfarirnar hafi að sjálfsögðu sýnt mönnum fram á að efla þurfi enn eftirlit með snjóalögum á þessu svæði og tryggja svo sem kostur er að ekki hljótist manntjón af ef slikar hamfarir kynnu að endurtaka sig.

Síðan segir orðrétt:

"Með hlíðsjón af framansögðu mótmælir bæjarstjórn Ísafjarðar alfaríð þeim athugasemdum, sem gerðar hafa verið við endurbyggingau sumarhúsa í Tungudal, og telur afar eðlilegt, að það fólk, sem þar varð fyrir tjóni, fái að rækta garðinn sinn að nýju. Hér vegur að sjálfsögðu afar þungi að um er að ræða sumarhús, sem hægt er að takmarka búsetu í á ákveðnum tínum.

Um þessar mundir fara fram athuganir sérfræðinga á, með hvaða hætti er hægt að auka snjóflóðavarnir á Seljalandsdal. Það er að sjálfsögðu ætlun bæjarstjórnar að tryggja svo sem kostur er, öryggi þess fólks sem í framtíðinni mun sækja í þessar útvistarperlur okkar í Tungudal og á Seljalandsdal."....

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Niðurstaða ráðuneytisins:

Ráðuneytið fellst á sjónarmið bæjarstjórnar sem rakin eru hér að framan og telur að gefa megi út byggingarleyfi fyrir endurbyggingu sumarbústaðanna í Tungudal með þeim skilyrðum að búseta í þeim verði takmörkuð við tímabilið 16. apríl - 15. desember ár hvert og að þeirri kvöð verði þinglýst.

*Össur Skarphéðin
Tjörnaborgar*

Samrit:
Bæjarstjórn Ísafjarðar



ÍSAFJARDARKAUPSTAÐUR

TEKIS FYRIR I BÆJARRÁÐI

08 AUG 1994

Ísafirði, 26. júlí 1994

(3)

Til þeirra sem málið varðar: Sumarhúsabyggð í Tunguskógi, Ísafirði.

Meðfylgjandi er útskrift úr fundargerðarbók bæjarráðs 25. júlí sl. þar sem fjallað var um sumarhúsabyggð í Tunguskógi.

2. Skipulag ríkisins. Sumarhúsabyggð í Tunguskógi.

Lagt fram bréf frá Skipulagi ríkisins, dags. 22. júlí s.l. varðandi álit þess á ákvörðun byggingarnefndar 18. júlí sl. um samþykkt byggingaleyfa fyrir sumarbústöðum í Tunguskógi. Þar kemur fram álit Skipulags ríkisins að með þessum afgreiðslum hafi byggingarnefnd brotið gegn ákvæðum í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1985 og ákvæðum í gr. 3.1.8. í byggingarreglugerð og því geti bæjarstjórn ekki staðfest samþykkt byggingarnefndar sbr. 1. tölulið í 4. mgr. 9.gr. byggingarlagra nr. 54/1978. Þá var einnig lagt fram bréf frá Skipulagi ríkisins dags. 25. júlí eftirfarandi:

"Með vísan til 2.gr. 4.mgr. skipulagslaga nr. 19/1964 með síðari breytingum hefur skipulagsstjóri í dag óskad þess að umhverfisráðherra úrskurði hvort byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum í Tunguskógi sem byggingarnefnd samþykkti á fundi sínum 18. júlí 1994 verði felt í gildi. Þar til úrskurður ráðherra liggar fyrir eru framkvæmdir óheimilar". Bréfið er undirritað af skipulagsstjóra ríkisins, Stefáni Thors.

Auk þessa bréfa fylgdi afrit af bréfi skipulagsstjóra til umhverfisráðuneytisins dags. 25. júlí. Ennfremur var lagt fram bréf frá sýslumanninum á Ísafirði svohljóðandi:

"Skipulagsstjóri hefur í dag sent sýslumanninum á Ísafirði bréf, dagsett í dag, ásamt afditi bréfs til umhverfisráðherra. Kemur þar fram, að skipulagsstjóri hefur skotið staðfestingu bæjarstjórnar Ísafjarðar á veitingu nokkurra leyfa til byggingar sumarbústaða í Tunguskógi til umhverfisráðherra til úrskurðar um gildi þeirra. Samkvæmt 1. málsgrein 6. greinar skipulagslaga nr. 19/1964 getur skipulagsstjóri leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, gerist þess þörf, til þess að láta stöðva framkvæmdir. Með vísan til ofanritaðs er aðskilegt að bæjarstjórn tilkynni leyfishöfum stöðu málins strax, svo ekki reynist þörf aðgerða af hálfu sýslumannsins á Ísafirði". Undir bréfið ritar Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaðurinn á Ísafirði.

Bæjarráð bendir að bæjarstjórn hafi á fundi sínum 19. maí sl. samþykkt samhljóða að heimila lóðarhöfum endurbyggingu sumarhúsa sinna í Tunguskógi samkvæmt gildandi skipulagi. Þá ítrekaði bæjarstjórn þessa samþykkt sína á fundi sínum 7. júlí sl. með 9 samhljóða atkvæðum og beindi bæjarstjórn þeim tilmælum til byggingarnefndar að samþykktja umsóknir um endurbyggingu í Tunguskógi með ákvæðum skilyrðum. Pann 21. júlí sl. staðfesti bæjarstjórn með 9 samhljóða atkvæðum fundargerð byggingarnefndar frá 18. júlí sl. Ennfremur að bæjarstjórn hafi prisvar samþykkt endurteisin sumarhúsa í Tunguskógi samkvæmt gildandi skipulagi og með skilmálum sem hún telur að fullnægi ákvæðum í grein 3.1.8. í byggingarreglugerð. Bæjarráð séð því ekki ástæðu til að mæla með breytingu á fyrrí samþykktum bæjarstjórnar og skorar á skipulagsstjóra að draga tilmæli sín til baka.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi áskorun til umhverfisráðherra:

"Á undanförnum mánuðum hefur staðið yfir undirbúningu að endurreisn sumarhúsabyggðar í Tungudal sem skemmdist í snjóflóðum 5. apríl sl. Undirbúningu er lokid og á fundi sínum þann 18. júlí sl. veitti byggingarnefnd leyfi fyrir endurreisn fimm bústaða samkvæmt því skipulagi sem í gildi er á svæðinu. Bæjarráð telur að bæjarstjórn hafi með samþykktum sínum þann 21. júní og 7. júlí sl. og skilmálum sem í þeim felast, varðandi öryggisráðstafanir uppfyllt undanþáguákvæði í byggingarreglugerð sbr. gr. 3.1.8.

Því skorar bæjarráð á umhverfisráðherra að hafna tilmælum skipulagsstjóra um stöðvun framkvæmda."

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda formanni félags Skógarbúa aðrit fundargerðarinna og til þeirra fimm aðila sem fengið hafa byggingarleyfi.

Útskrift send til:

Jónínu Högnadóttur.

Kristínu Björnsdóttur, Pólgötu 5.

Guðmundar Guðmundssonar, Tangagötu 8.

Db. Aðalheiðar Hannibalsdóttur, Tangagötu 10.


Sigrúnar Einarsdóttur, Yngva Guðmundssonar, Engjavegi 27.

Formanns félags Skógarbúa.

Byggingarfulltrúans á Ísafirði. Form. byggingarnefndar.

Skipulagsstjóra ríkisins.

Virðingarfyllst



Pórti Sveinsson, bæjarstjóri.

• Kennitala 660169-6879

• Stjórnsvilhúsini • Hafnarstræti 1 • Pósthólf 56 • 400 Ísafjörður

• Sími 94-3722 • Bréfásími 94-3714 • Banki 156-26-1612



4000

S K I P U L A G R Í K I S I N S

TEKJÓ FYRIR Í BÆJARRÁÐI

08 AUG 1994

Umhverfisráðuneyti
Umhverfisráðuneyti
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Lytill:	30-4	Abm:	OS/IS/HS
Svarfr:		Abm:	
Mótekil:	29. JUL 94	Fskj:	
Afgeitt:			

Reykjavík 25. júlí 1994

Mál: Sumarbústaðabyggð í Tunguskógi

Í brefi Skipulags ríkisins til byggingarfulltrúans í Ísafirði dags. 7. júní 1994 var tekið fram að óheimilt væri að hefja endurbyggingu sumarbústaðavæðisins í Tunguskógi nema að gerð hafi verið grein fyrir vörnum og þær metnar gildar af byggingamefn Ísafjarðar og Viðlagatryggingu Íslands sbr. gr. 3.1.8 í byggingarreglugerð.

Í brefi Viðlagatryggingar Íslands til Ísafjarðarkaupstaðar dags. 9. júni 1994, sem er svar við erindi Ísafjarðarkaupstaðar dags. 27. maí 1994, kemur fram að það sé álit forráðamanns Viðlagatryggingar að það stríði ekki gegn ákvæðum laga nr. 55/1992 að heimila endurbyggingu sumarbústaða í Tungudal að fengnum tilskildum leyfum.

Í brefi Viðlagatryggingar segir ennfremur:

"Af bréfi þeirrarvalda virðist mega ráða að það sé vilji byggingarnefndar staðarins að heimila undanþágu til byggingar á svæðinu samkvæmt ákvæði byggingarreglugerðar G. 3.1.8. og væntir Viðlagatrygging því formlegs erindis frá byggingarnefnd samkvæmt umræddu ákvæði byggingarlaga.

Viðlagatrygging Íslands mun ekki synja um undanþágu telji byggingarnefnd kaupstaðarins að ákvæðum téðrar greinar sé fullinlegt."

Á fundi byggingarnefndar Ísafjarðar 18. júlí 1994 voru samþykkt byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum á 4 lóðum í Tunguskógi og staðfest að á einni lóð til viðbótar væri ábur veitt byggingarleyfi enn í fullu gildi.

Samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu hefur byggingamefn ekki óskað formlega eftir undanþágu og samkvæmt upplýsingum frá byggingarfulltrúa liggr ekki fyrir hvaða öryggisráðstafanir verði gerðar.

Með brefi dags. 22. júlí 1994 benti skipulagsstjóri ríkisins þeirrarjórn Ísafjarðar að með þessum afgreiðslum hafi byggingamefn brotið gegn ákvæðum í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1985 og ákvæðum í gr. 3.1.8. í byggingarreglugerð og því geti

4000

bæjarsjóm ekki staðfest samþykkt byggingamefnar sbr. 1. tólflið í 4. mgr. 9. gr.
byggingarlaga nr. 54/1978.

Í samtali við byggingarfulltrúa 22. júlí 1994 kom hins vegar fram að bæjarsjóm
hafði á fundi sínum 21. júlí 1994 samhljóða staðfest samþykkt byggingamefnar frá
18. júlí 1994.

Það er álit skipulagsstjóra ríkisins að á meðan ekki liggi fyrir hvaða
þryggisráðstafnir verði gerðar sé óheimilt að veita byggingarleyfi fyrir
sumarbústöðum í Tunguskógi.

Með vísan til 2. gr. 4. mgr. skipulagslaga nr. 19/1964 með síðari breytingum óskar
skipulagsstjóri þess að ráðherra úrskurði hvort byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum
í Tunguskógi sem byggingamefnd samþykkti á fundi sínum 18. júlí 1994 verði felt
úr gildi.

Stefán Thors

Stefán Thors
Afrit scot:
Bæjarsjóð Ísafjarðar
Sýslumanninum á Ísafirði
Almannavönum ríkisins

TEKIÐ FYRIR Í BÆJARRÁÐI
08 AUG 1994



4000

S K I P U L A G R Í K I S I N S

Umhverfisráðuneytið
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ	
Lýkill:	30-4
Svarft:	13/14
Móttakið:	29. JUL 94
Afgrætt:	
Reykjavík 28. júlí 1994	

TEKID FYRIR Í BÆJARRÁÐI
08 AUG 1994

Mál: Sumarbústaðabyggð í Tunguskógi

Vísad er til erindis ráðuneytisins dags. 27. júlí 1994 þar sem óskað er upplýsinga um það með hvaða hætti byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum í Tungudal brjóti í bága við "samþykkt eða fyrirhugað skipulag."

Sumarbústaðabyggðin í Tunguskógi byggðist að mestu upp á árunum milli 1930 og 1940. Ekki er að finna í skjölum Skipulags ríkisins skipulagsupprátt frá þeim tíma.

Með bréfi dags. 3. júní 1960 fór Guðmundur Halldórsson þess á leið við skipulagsstjóra fyrir hönd bæjarstjórnar Ísafjarðar að honum verði send loftmynd af Tungudal vegna fyrirhugaðra mælinga þar. Í Tungudal munu bæjartfulltrúar hafa hugsað sér "framtíðar íþróttar- og skemmtivæði."

Með bréfi dags. 1. júlí 1960 sendi skipulagsstjóri byggingarfulltrúa loftmynd af Tungudal. Á grundvelli mælinga og loftmyndar gerði K. Jónsson upprátt af svæðinu í mkv. 1:1000 dags. 31. ágúst 1960. Þá voru á svæðinu 32 sumarbústaðir og 29 óbyggðar lóðir. Ekki er að sjá í skjölum Skipulags ríkisins að sá uppráttur hafi verið samþykktur. Engu að síður hefur verið eftir honum farið í aðalatriðum.

Aðalskipulag Ísafjarðar 1989 - 2009 var staðfest 31. október 1990. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir sumarbústaðabyggð í Tunguskógi.

19. október 1992 staðfesti félagsmálaráðherra snjóflóðahættumat fyrir Ísafjörð. Samkvæmt hættumatinu eru 4 efstu sumarbústaðalóðirnar, næst þænum, á snjóflóðahættusvæði. Svæðið ofan sumarbústaðasvæðisins er á upprættinum skilgreint sem "ómetið svæði". Með staðfestingu snjóflóðahættumatsins er breytt fyrri staðfestingu á sumarbústaðasvæðinu í Tunguskógi þannig að á 4 efstu lóðunum er óheimilt að byggja nema svæðið sé varið fyrir snjóflóðum. Á lóðunum hafði þegar verið byggt þannig að ákvörðunin náði til endur- eða nýbyggingar.

5. apríl 1994 fóll snjóflóð yfir allt sumarbústaðasvæðið og fórst þá einn maður. Á svæðinu voru þá 41 sumarbústaður. Í flóðinu eyðilögðust 38 bústaðir, einn bústaður skemmdist mikil og tveir bústaðir stóðu eftir heilir. Á þeim 4 lóðum sem

áður höfðu verið skilgreindar sem hættusvæði höfðu verið byggðir sumarbústaðir og eyðilögðust 3 þeirra í flóðinu.

Samkvæmt gr. 3.1.8. í byggingarreglugerð er svæði þar sem vitað er að snjóflóð hafi fallið skilgreint sem hættusvæði.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að eftir snjóflóðið 5. apríl 1994 sé framkvæmd aðalskipulags Ísafjarðar með tilliti til landnotkunar í Tunguskógi bundin þeim takmörkunum að óheimilt er að byggja á svæði því sem snjóflóð för yfir nema það sé varið. Það sama gildir um framkvæmd þess "deiliskipulags" eða uppdráttar af svæðinu sem gerður var árið 1960.

Veiting byggingarleyfa fyrir sumarbústöðum á svæðinu brýtur því í bága við þær takmarkanir sem staðfest snjóflóðahættumat frá 1992 og snjóflóðið 5. apríl 1994 hafa á/samþykkt skipulag.



Stefán Thors

TEKIÐ FYRIR Í BÆJARRÁÐI
08 AUG 1994

Fylgiskjöl:

1. Afrit af brefi Guðmundar Halldórssonar dags. 3. júní 1960
2. Afrit af brefi skipulagsstjóra dags. 1. júlí 1960
3. Útskrift úr fundargerð bæjarráðs Ísafjarðar dags. 26. júlí 1994
4. Afrit af brefi Viðlagatrygginga Íslands til Ísafjarðarkaupstaðar dags. 27. júlí 1994
5. Yfirlitskort af Ísafirði sem sýnir afstöðu snjóflóðsins 5. apríl 1994
6. Mælingaruppráttur af sumarbústaðasvæðinu í Tunguskógi frá 1960
7. Mælingaruppráttur af sumarbústaðasvæðinu í Tunguskógi frá 1993 með útlínum snjóflóðs
8. Aðalskipulag Ísafjarðar 1989 - 2009
9. Snjóflóðahættumat frá 1992